

Mál nr. 110/2009

M og vátryggingafélagið V vegna slysstryggingar

Undanþáguákvæði í skilmálum slysstryggingar vegna brjósksloss.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26. mars 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 6. apríl 2009.

Málsatvik.

Þann 20.maí 2008 slasaðist málskotsaðili við byggingarvinnu þegar stillansi brotnaði undan honum með þeim afleiðingum að hann féll um 4 metra. Enginn ágreiningur er um hvort slys sé að ræða í skilningi vátryggingarskilmála slysstryggingar. Málskotsaðili hlaut nokkuð líkamstjón í slysinu. Í málinu liggur m.a. fyrir áverkavottorð frá slysadeild Landspítala Háskólasjúkrahúss sem lýsir afleiðingum þess og áætlaðri óvinnufærni í um 2-3 vikur. Í málinu liggja einnig fyrir önnur læknisvottorð vegna slyssins og þá sérstaklega vegna óþæginda í baki sem komu fram um hálfum mánuði eftir slysið. Í læknisvottorði heimilislæknis dags. 27. ágúst 2009 kemur fram lýsing á því að um brjósksloss sé að ræða. Eftir þetta leitaði málskotsaðili til sérfræðings í taugaskurðlækningum og liggur fyrir vottorð hans dags. 28. nóvember 2008.

Álit.

Í vátryggingaskilmálum þeirrar slysstryggingar sem á við í málinu kemur fram í gr. 9.4. að vátryggingin greiði ekki bætur vegna tiltekinna sjúkdóma eða sjúklegs ástands, jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök. Þar á meðal er brjósksloss. Í fyrirliggjandi læknisvottorðum kemur fram að óvinnufærni málskotsaðila, umfram það sem vátryggingafélagið hefur greitt bætur vegna, er vegna sjúklegs ástands sem lýst er sem brjóskslossi. Af þeim gögnum málsins verður því ekki annað ráðið en að um brjósksloss sé að ræða. Skv. orðanna hljóðan í gr. 9.4. undanskilur vátryggingafélagið sig greiðsluskylda þegar um brjósksloss er að ræða. Þegar af þeirri ástæðu telst ekki vera fyrir hendi greiðsluskylda úr slysstryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki greiðsluskylt úr slysstryggingu.

Reykjavík 20. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.